

VERKLAGSREGLUR UM FJÁRFESTAVERND OG VIÐSKIPTAHÆTTI

I. SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

1. Skilgreiningar

1.1. Í þessum reglum ACRO verðbréfa hf. (hér eftir „félagið“) skulu eftirfarandi hugtök skilgreind á eftirfarandi hátt, nema annað sé sérstaklega tekið fram í viðeigandi málsgrein:

"Aðili í nánum tengslum"	Aðilar sem tengjast „starfsmönnum“ fjölskylduböndum eða þar sem um beina samtönnun fjárhagslegra hagsmuna er að ræða: <ol style="list-style-type: none"> 1. Maki, maki í staðfestri samvist og sambúðarmaki, 2. Börn, kjörbörn og stjúpborn sem eru á framfæri starfsmanns, 3. Önnur skyldmenni sem hafa búið á sama heimili og starfsmaður í a.m.k. eitt ár miðað við þann dag sem viðskipti fara fram, 4. Lögaðili sem er undir yfirráðum eða framkvæmdastjórn starfsmanns eða aðila skv. 1.-3. tl. eða lögaðili sem slíkir einstaklingar, skv. 1.-3. tl., eiga verulega fjárhagslega hagsmuni tengda við.¹
"Afurðir"	Vörur eða þjónusta á sviði verðbréfaviðskipta eða milliganga um aðgang viðskiptavina að nýjum markaði eða viðskiptakerfi gegn greiðslu.
"Annað starfssvæði"	Starfssvæði annars starfssviðs, sem er aðskilið frá því starfssviði sem tiltekinn starfsmaður starfar á.
"Daglegir starfsmenn"	Einstaklingar í ráðningarsambandi við félagið, þ.e. launþegar.
"Eigendur virkra eignarhluta"	Aðilar sem fara með virkan eignarhlut í félaginu samkvæmt skilgreiningu laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.
„Eigin viðskipti“	Viðskipti með fjármálagerning sem eru framkvæmd af eða fyrir hönd starfsmanns félagsins þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt: <ol style="list-style-type: none"> 1. viðskiptin eiga sér stað utan verksviðs hlutaðeigandi starfsmanns félagsins, 2. viðskiptin eru innt af hendi fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum: <ol style="list-style-type: none"> a. starfsmanns félagsins, b. aðila sem tengdur er starfsmanni félagsins fjölskylduböndum eða aðila sem tengist náði starfsmanni félagsins. c. aðila sem er í slíkum tengslum við starfsmann félagsins að sá síðarnefndi hefur beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu viðskiptanna, að undanskilinni þóknun eða umboðslaunum fyrir framkvæmd viðskiptanna.
„Fjármálagerningur“	Fjármálagerningur skv. skilgreiningu laga um markaði fyrir fjármálagerninga eins og þau eru á hverjum tíma, nú í 4. gr. laga nr. 115/2021.

"Innherjaupplýsingar"	<i>Innherjaupplýsingar skv. skilgreiningu í 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik.</i>
"Starfsmenn"	<i>Starfsmenn í skilningi 1. tl. 1. mgr. 2. gr. Framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/565, þ.e:</i> <ol style="list-style-type: none"> 1. stjórnarmaður, meðeigandi eða samsvarandi aðili, stjórnandi eða einkaumboðsmaður félagsins, 2. stjórnarmaður, meðeigandi eða samsvarandi aðili, eða stjórnandi hjá einkaumboðsmanni félagsins, 3. starfsmaður félagsins eða einkaumboðsmanns þess, eða hver sá einstaklingur sem starfar undir stjórn félagsins eða einkaumboðsmanns þess og á þátt í að veita þjónustu félagsins á sviði verðbréfavíðskipta,
"Stjórnarmenn"	<i>Einstaklingar sem kjörnir hafa verið til setu í stjórn félagsins eða sem varamenn í stjórn félagsins.</i>
"Trúnaðarupplýsingar"	<i>Allar upplýsingar, skjöl og gögn (óháð miðli eða geymsluformi) sem snúa að rekstri eða starfsemi félagsins eða fjárhags- eða einkamálefnum viðskiptavina félagsins. Gildir einu hvort slík gögn stafa frá starfsmönnum, stjórn eða ráðgjöfum félagsins, viðskiptavinum eða samstarfsaðilum félagsins, eða öðrum aðilum.</i>
"Verklagsreglur"	<i>Hegðunarreglur, s.s. stefnur, ferlar, reglur, verklagsreglur, handbækur, settar af stjórn eða framkvæmdastjóra félagsins.</i>
"Verulegur eignarhlutur"	<i>Eignarhlutur sem nemur a.m.k. 10% af heildar hlutafé viðkomandi félags.</i>
"Viðkvæmar upplýsingar"	<i>Upplýsingar sem eru trúnaðarupplýsingar, ekki eingöngu út á við, heldur einnig innan félagsins á þann hátt að þeim skal haldið innan viðkomandi starfssviðs og ekki miðlað til starfsmanna aðskilinna starfssviða nema samkvæmt sérstakri skriflegri ákvörðun framkvæmdastjóra. Heimilt er að miðla slíkum upplýsingum til annarra starfsmanna/ráðgjafa enda sé móttaka slíkra upplýsinga löglegur, nauðsynlegur og eðlilegur hluti af störfum móttakandans.</i>

2. Gildissvið

- 2.1. Reglur þessar eru settar í samræmi við 1. mgr. 21. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Markmið þeirra er að fjárfestavernd og viðskiptahættir félagsins uppfylli kröfur laga.
- 2.2. Til viðbótar við þessar almennu reglur um fjárfestavernd hafa sérreglur verið settar um ýmsa þætti fjárfestaverndar, s.s. reglur um flokkun viðskiptavina, stefnu um hagsmunaaárekstra og bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.
- 2.3. Reglur þessar taka til allra þátta í starfsemi félagsins og allra starfsmanna þess. Þá gilda ákvæði VI., VII. og VIII. kafla reglna þessara einnig um aðila í nánum tengslum við starfsmenn.

II. MEGINREGLUR UM VIÐSKIPTAHÆTTI OG FJÁRFESTAVERND

3. Góðir viðskiptahættir

- 3.1. Starfsemi félagsins skal vera í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

4. Hagsmunaárekstrar

- 4.1. Í starfsemi félagsins skal gæta að hættu á hagsmunaárekstrum og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu. Í því skyni skulu á öllum tímum vera til staðar sérstakar verklagsreglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. Þessu til viðbótar eru ákvæði í reglum þessum sem ætlað er að vinna að sama markmiði, s.s. um aðskilnað starfssviða, viðskipti starfsmanna og viðskipti félagsins í eigin þágu.

5. Upplýsingagjöf til viðskiptavina

- 5.1. Í samræmi við ákvæði laga skal félagið veita viðskiptavinum sínum greinargóðar upplýsingar um fyrirtækið sjálft, þjónustu þess, þá fjárfestingakosti sem þeim standa til boða og þá áhættu sem fylgir slíkum fjárfestingum þannig að viðskiptavinir geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun. Starfsmenn sem koma að gerð og framsetningu upplýsinga ber að kynna sér þær kröfur sem lög gera til félagsins um upplýsingagjöf.
- 5.2. Félagið skal upplýsa viðskiptavini sína fyrirfram um þóknun sem félagið áskilur sér fyrir þjónustu sína.

6. Nýjar afurðir

- 6.1. Hyggist félagið bjóða upp á nýja vöru eða þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta eða bjóða viðskiptavinum aðgang að nýjum markaði eða viðskiptakerfi (þ.e. saman "nýjar afurðir") skal félagið meta hvort að nýjungin sé almennt í samræmi við verklagsreglur félagsins og sé tilhlýðileg fyrir viðskiptavini.
- 6.2. Félagið skal gæta þess að þeir starfsmenn sem koma að undirbúningi, gerð og framsetningu nýrra afurða sem ætlaðar eru viðskiptavinum hafi næga þekkingu til að gæta þess að afurðin og upplýsingagjöf um hana sé í samræmi við kröfur laga. Viðkomandi starfsmenn skulu leita ráðgjafar regluvarðar varðandi þróun á nýrri afurð.

7. Skráning og varðveisla gagna um viðskipti

- 7.1. Í samræmi við ákvæði laga skulu gerðir skriflegir samningar við almenna fjárfesta og haldnar skrár yfir þá samninga við viðskiptavini sem gerðir eru, þá þjónustu sem félagið veitir eða viðskipti sem það hefur milligöngu um.
- 7.2. Viðskiptavinum skulu sendar upplýsingar og yfirlit um framkvæmd fyrirmæla og veitta þjónustu í samræmi við ákvæði laga.
- 7.3. Gögn um viðskipti skulu varðveitt í a.m.k. fimm ár og sjö ár krefjist Fjármálaeftirlitið þess.

7.4. Framkvæmdastjóri getur sett frekari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis ef þurfa þykir.

8. Sérgreining fjármuna

8.1. Félagið skal gæta þess að halda fjármálagerningum og fjármunum viðskiptavina, tryggilega aðgreindum frá eignum félagsins í samræmi við ákvæði laga.

8.2. Framkvæmdastjóri getur sett frekari reglur um framkvæmd þessa ef þurfa þykir.

9. Flokkun viðskiptavina

9.1. Félagið flokkar viðskiptavinina sína í samræmi við lögbundin skilyrði og hafa sérstakar verklagsreglur um flokkun viðskiptavina.

10. Hæfi viðskiptavinar og tilhlýðileiki fjármálaþjónustu

10.1. Veiti félagið viðskiptavininum, öðrum en viðurkenndum gagnaðilum, fjárfestingarráðgjöf skal aflað viðeigandi upplýsinga frá viðskiptavininum til að leggja mat á það hvort hann sé hæfur til að eiga umbeðin viðskipti. Þannig skal gengið úr skugga um það að viðskiptavinur hafi skilning, þekkingu og reynslu til að skilja þá áhættu er fylgir þeim verðbréfum og afurðum sem hann hyggst fjárfesta í. Jafnframt skal þess gætt að ráðlegging félagsins um fjárfestingakosti og áhættu taki mið af fjárhagslegri stöðu og markmiðum viðskiptavinar. Þegar viðskiptavinur er fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili gengur félagið út frá því að hann hafi nauðsynlega reynslu og þekkingu til þess að skilja þá áhættu sem tengist þeirri tilteknu þjónustu eða tegundum viðskipta eða vöru sem viðskiptavinurinn er flokkaður eftir sem fagfjárfestir.

10.2. Þegar félagið veita aðra þjónustu á sviði verðbréfiðskipta en fjárfestingarráðgjöf skal þess gætt að afla sé upplýsinga í samræmi við kröfur laga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar á sviði viðkomandi tegundar verðbréfiðskipta til að geta metið hvort þjónustan eða varan sé viðeigandi fyrir viðskiptavininn eða hvort ráða eigi honum frá viðskiptunum. Ekki þarf að afla slíkra upplýsinga varðandi viðskiptavininn sem eru viðurkenndir gagnaðilar. Þegar viðskiptavinur er fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili gengur félagið út frá því að hann hafi nauðsynlega reynslu og þekkingu til þess að skilja þá áhættu sem tengist þeirri tilteknu þjónustu eða tegundum viðskipta eða vöru sem viðskiptavinurinn er flokkaður eftir sem fagfjárfestir.

10.3. Félaginu er óskilyrt að grípa til ráðstafana skv. 1. m.l. 2. mgr. þessarar greinar þegar skilyrði 5. mgr. 45. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga eru uppfyllt.

11. Framkvæmd fyrirmæla og besta framkvæmd

11.1. Til að tryggja hagsmuni viðskiptavina hefur félagið sett sérstakar verklagsreglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

12. Fjárfestingarráðgjöf

12.1. Komi til þess að félagið veiti fjárfestingarráðgjöf skal ávallt gerður skriflegur samningur við viðskiptavininn varðandi veitingu slíkrar ráðgjafar.

13. Réttarúrræði viðskiptavina og meðhöndlun kvartana

13.1. Félagið skal veita upplýsingar á heimasíðu sinni um réttarúrræði viðskiptavina.

13.2. Félagið skal hafa til staðar sérstakar reglur eða verkferla um meðhöndlun kvartana frá viðskiptavinum.

III. ÖRYGGI UPPLÝSINGA OG VINNUSTAÐAR

14. Almenn aðgæsluskylda starfsmanna

14.1. Starfsmönnum félagsins ber að gæta að vernd upplýsinga og öryggis vinnustaðarins. Þannig ber starfsmönnum almennt að stuðla að eftirfylgni við ákvæði laga og reglna um öryggi upplýsinga, s.s. um þagnarskyldu og meðferð innherjaupplýsinga.

14.2. Til viðbótar við ákvæði þessa kafla getur stjórn eða framkvæmdastjóri félagsins sett frekari reglur um gagnavörslu og öryggi vinnustaðarins.

15. Aðgangur að starfsstöð

15.1. Aðgangur utanaðkomandi aðila að starfsstöð félagsins skal vera takmarkaður. Þegar utanaðkomandi aðili kemur inn á starfsstöð félagsins skal sá starfsmaður sem hleypir viðkomandi inn fylgja honum til þess aðila innan félagsins sem hinn utanaðkomandi aðili er kominn til fundar við. Sá aðili sem tekur á móti/fundar með utanaðkomandi aðila skal gæta þess að hann fái ekki óheimilaðan aðgang að trúnaðarupplýsingum og ber ábyrgð á að fylgja honum til dyra við brottför.

16. Aðgangur að rafrænum gögnum

16.1. Tölvum og sínum starfsmanna skal læst með lykilorði. Lykilorði skal breytt reglulega.

16.2. Aðgangi að rafrænum gögnum skal stjórnað með fullnægjandi öryggisráðstöfunum, t.d. með notkun lykilorða, rafrænna skilríkja og aðgangsskilgreiningu á gagnagrunnum. Séu lykilorð notuð til aðgangsstýringar skulu þau vera nægjanlega flókin og aðgangsstýring þannig úr garði gerð að ekki sé unnt að komast að þeim með síendurteknum ágiskunum (e. *brute force attack*). Starfsmönnum er óheimilt að skrifa slík lykilorð niður, hvort sem er á blað eða í tölvuskra. Einungis þeim starfsmönnum sem nauðsynlega þurfa aðgang að aðgangsstýrdum rafrænum gögnum skal veittur aðgangur.

17. Meðhöndlun trúnaðarupplýsinga

17.1. Trúnaðarupplýsingar, viðkvæmar upplýsingar og innherjaupplýsingar skulu meðhöndlaðar af varúð og haldið innan eins þröngs hóps og mögulegt er. Í því felst að starfsmaður sem hefur vörslur slíkra upplýsinga skal gæta þess að óviðkomandi aðilar fái ekki aðgang að þeim, þ.m.t. aðrir starfsmenn sem ekki þurfa á þeim að halda vegna vinnu sinnar.

- 17.2. Varfærin meðhöndlun upplýsinga skv. 1. mgr. felur í sér að slíkar upplýsingar skulu geymdar í læstum hirslum eða vistaðar rafrænt með aðgangstakmörkun, þannig að einungis þeim sem er heimilt að vinna með upplýsingarnar hafi aðgang.
- 17.3. Ef starfsmenn eru í vafa um veitingu upplýsinga til annarra starfsmanna ber þeim að leita ráðleggingar yfirmanns eða regluvarðar.
- 17.4. Um meðferð innherjaupplýsinga gilda að öðru leyti ákvæði *reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik*

18. Skoðun á trúnaðarupplýsingum

- 18.1. Séu gögn merkt sem "trúnaðarmál" eða bera með sér að innihalda viðkvæmar upplýsingar eða vera aðgangstakmörkuð, skulu starfsmenn gæta þess að skoða þau ekki nema þeir séu fullvissir um að þeim sé heimill aðgangur að viðkomandi gögnum. Séu þeir í vafa eða hafi þeir fundið slík gögn í reiðuleysi skulu þeir leita til framkvæmdastjóra eða regluvarðar.

19. Frágangur vinnusvæðis

- 19.1. Starfsmönnum ber að gæta að frágangi vinnusvæðis í lok dags. Þannig þarf síðasti maður af starfssviði og, einnig vinnustað, í lok vinnudags að ganga úr skugga um að, afmörkuð vinnusvæði séu læst, gluggar séu lokaðir (þar sem hann hefur aðgang) og öryggiskerfi ræst áður en hann yfirgefur vinnustað.
- 19.2. Í frágangi vinnusvæðis felst að ganga tryggilega frá vinnugögnum í samræmi við nauðsynlegar öryggiskröfur vegna þeirra. Starfsmönnum ber einnig að læsa tölvum sínum. Sömu kröfur eiga við ef starfsmenn bregða sér af vinnustað innan dags.

IV. AÐSKILNAÐUR STARFSSVIÐA

20. Almennt um aðskilnað starfssviða

- 20.1. Ákvæði kafla þessa um aðskilnað starfssviða miða að því að draga úr hættu á að hagsmunaaðrekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina félagsins. Með aðskilnaði er átt við að starfssvið félagsins séu aðskilin í stjórnun, afkomu, samskiptum og upplýsingakerfum. Hægt er að gera sérstakar kröfur um aukinn aðskilnað eða veita undanþágur frá aðskilnaði eftir því sem nánar er mælt fyrir um í þessum kafla.

21. Inntak aðskilnaðar

- 21.1. Með aðskilnaði í *stjórnun* er átt við að framkvæmdastjóri tilnefni sérstakan yfirmann yfir starfsemi viðkomandi starfssviðs.
- 21.2. Með aðskilnaði í *afkomu* er átt við að haldið er kostnaðarbókhald innan félagsins þar sem tekjum og gjöldum er skipt á milli einstakra starfssviða félagsins með tilliti til uppruna tekna og gjalda. Framkvæmdastjóri sér um nánari útfærslu þessa.
- 21.3. Með aðskilnaði í *upplýsingakerfum* er átt við það að starfsmenn einstakra starfssviða hafa ekki aðgang að rafrænum gögnum annarra starfssviða en þeirra eigin.
- 21.4. Með aðskilnaði í *samskiptum* á milli sviða er átt við eftirfarandi:

- 21.4.1. Starfssvið eru aðgreind innan sama húsrýmis og með aðgangstakmörkunum.
 - 21.4.2. Starfsmenn aðskilna starfssviða skulu halda sig frá starfssvæðum hvers annars. Komi til þess að starfsmenn þurfi að fara inn á "annað starfssvæði" skulu þeir gera starfsmönnum þess starfssvæðis viðvart um slíkt fyrirfram þannig að hægt sé að fjarlægja trúnaðargögn.
 - 21.4.3. Starfsmönnum ber að gæta þess að gera forsvaranlegar ráðstafanir til að tryggja að viðkvæmar upplýsingar berist ekki á milli starfssviða.
 - 21.4.4. Þess skal sérstaklega gætt á samráðsfundum, hádegishléum eða við önnur tækifæri þar sem starfsmenn koma saman, að viðkvæmar upplýsingar berist ekki á milli starfssviða. Ábyrgð á framkvæmd þessa hvílir hjá framkvæmdastjóra og yfirmönnum starfssviða.
- 21.5. Starfsmönnum ber að öðru leyti að gæta að ákvæðum laga og þeim öryggisreglum, sem settar eru í III. kafla reglna þessara.
- 21.6. Bakvinnslu er útvistað og er starfsmönnum markaðsviðskipta óheimilt að afla upplýsinga frá bakvinnslu um verkefni annarra starfssviða en þeirra eigin. Þjónustuaðili sem bakvinnslu er útvistað til tryggir skýran aðskilnað fyrir starfsmenn og starfssvið félagsins í samráði við félagið. Þurfi starfsmenn á slíkum upplýsingum að halda (frá öðru starfssviði) skulu þeir bera slíkt upp við framkvæmdastjóra. Aðilar sem sinna áhættustýringu, innri endurskoðun, regluvörslu eða lögfræðistörfum er heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga frá bakvinnslu vegna starfa sinna.

22. Störf starfsmanna á öðrum starfssviðum

- 22.1. Starfsmenn einstakra starfssviða skulu ekki starfa innan annarra starfssviða, sem aðgreind eru frá því sem þeir starfa innan, nema með samþykki regluvarðar. Samþykkis regluvarðar skal aflað fyrirfram og skal ávallt vera tímabundið (starfstími). Regluvörður skal skrá upplýsingar um verkefni viðkomandi starfsmanns á öðru starfssviði, ástæður þess að starfsmaður starfar á öðru starfssviði og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að takmarka hættu á því að "viðkvæmar upplýsingar" fari á milli starfssviða. Ef framlengja á starfstíma skal aflað samþykkis regluvarðar á nýjan leik og skal regluvörður skrá samþykki sitt ásamt viðeigandi upplýsingum.
- 22.2. Ef fyrirhugað er að starfsmaður taki að sér verkefni á öðru starfssviði, skv. 1. mgr., samhliða störfum á hefðbundnu starfssviði, ber regluvörður við ákvörðun um samþykki að meta hvort mögulegt er að gera fullnægjandi ráðstafanir til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum.
- 22.3. Framkvæmdastjóri getur mælt fyrir um samvinnuverkefni á milli starfssviða að fengnu samþykki regluvarðar, sem veitt skal á sama hátt og mælt er fyrir um í 1. mgr. að breyttum breytanda.

V. VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI FÉLAGSINS Í EIGIN ÞÁGU

23. Almennt um verðbréfavíðskipti félagsins í eigin þágu

- 23.1. Félagið sinnir ekki viðskiptum fyrir eigin reikning í skilningi c-liðar 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, þ.e. eigin viðskiptum í gegnum veltubók.

23.2. Félaginu er hins vegar heimilt að fjárfesta í fjármálagerningum utan veltubókar í því skyni að ávaxta eigið fé sitt. Ákvæði þessa kafla eiga við um slíkar fjárfestingar félagsins.

24. Meginreglur um framkvæmd fjárfestinga félagsins í eigin þágu

24.1. Þegar félagið fjárfestir í fjármálagerningum til að ávaxta eigið fé sitt skal þess gætt að slík viðskipti rekist ekki á við hagsmuni viðskiptavina. Framkvæmdastjóra ber sérstaklega að ganga úr skugga um slíkt og afla samþykkis regluvarðar í samræmi við ákvæði 36. gr. reglna þessara. Regluvörður skal skrá upplýsingar um slík viðskipti í samræmi við ákvæði 39. gr. reglna þessara.

24.2. Ef félagið sér sjálft um miðlun slíkra viðskipta í eigin þágu skal framkvæmd viðskiptanna fara fram eins og um ótengdan aðila væri að ræða, þó þannig að félagið greiðir ekki sjálfu sér þóknun. Á viðskiptanótu skal tekið fram að félagið hafi verið mótaðili "í eigin þágu".

25. Tilgreining „verulegra hagsmuna“

25.1. Daglegir starfsmenn félagsins, sem sinna verðbréfaþjónustu, skulu upplýstir af framkvæmdastjóra um allar fjárfestingar félagsins í eigin þágu, sem leiða til þess að telja verður að félagið hafi "verulegra hagsmuna" að gæta varðandi tiltekna fjármálagerninga eða útgefendur fjármálagerninga.

25.2. Í þeim tilvikum þar sem félagið hefur "verulegra hagsmuna" að gæta ber daglegum starfsmönnum félagsins að upplýsa viðskiptavinum um slíkt, áður en félagið sinnir verðbréfaþjónustu er tengist slíkum fjármálagerningum.

25.3. Með "verulegum hagsmunum" er átt við a.m.k. 20% eignarhlut og/eða atkvæðisrétt eða verðmæti fjármálagerninga sé verulegt miðað við eigið fé félagsins (þ.e. meira en 20% af eigin fé). Framkvæmdastjóri metur hvort hann telur að verulegir hagsmunir séu fyrir hendi í öðrum tilvikum.

VI. VIÐSKIPTI STJÓRNARMANNA OG EIGENDA VIRKRA EIGNARHLUTA MEÐ FJÁRMÁLAGERNINGA FYRIR EIGIN REIKNING

26. Almennt um viðskipti stjórnarmanna við félagið

26.1. Stjórnarmönnum (þ.m.t. varamönnum) ber að sýna fyllstu aðgætni í viðskiptum með fjármálagerninga fyrir eigin reikning. Sérstaklega ber þeim að gæta þess að slík viðskipti stofni ekki trúverðugleika félagsins í hættu.

26.2. Með viðskiptum með fjármálagerninga fyrir eigin reikning er í kafla þessum átt við viðskipti stjórnarmanns persónulega og aðila í nánnum tengslum við stjórnarmann.

27. Takmarkanir á viðskiptum eða aðkomu að viðskiptum

27.1. Stjórnarmaður eða aðili í nánnum tengslum við hann skal ekki eiga viðskipti með fjármálagerninga þegar:

27.1.1. viðkomandi aðila er óheimilt að stofna til viðskiptanna samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, s.s. vegna reglna um innherjaupplýsingar.

- 27.1.2. viðskiptin fela í sér misnotkun eða óviðeigandi nýtingu eða birtingu trúnaðarupplýsinga sem tengjast viðskiptavinum eða viðskiptum þeirra,
- 27.1.3. viðskiptin stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldur félagsins samkvæmt verðbréfavíðskiptalögum.

27.2. Stjórnarmaður eða aðili í nánnum tengslum við hann skal ekki gefa öðrum aðila upplýsingar, veita honum ráð eða aðstoða hann við að stofna til viðskipta, nema slíkt sé beinlínis heimilað í lögum, ef slík háttsemi:

- 27.2.1. félli undir gr. 27.1. í tilviki stjórnarmannsins,
- 27.2.2. væri í andstöðu við meðhöndlun upplýsinga varðandi fjárfestingarrannsóknir,
- 27.2.3. fæli í sér misnotkun á upplýsingum sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum viðskiptavinar.

28. Upplýsingar til aðila í nánnum tengslum

28.1. Stjórnarmaður skal upplýsa aðila í nánnum tengslum um skuldbindingar hans skv. reglum þessum. Slík upplýsingagjöf skal eiga sér stað við upphaf stjórnarsetu og við endurkjör í stjórn. Stjórnarmaður skal staðfesta við regluvörð að aðilar í nánnum tengslum hafi verið upplýstir samkvæmt framangreindu.

29. Tilkynningar til regluvarðar og skráning viðskipta

29.1. Stjórnarmenn skulu upplýsa regluvörð félagsins um viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning, sem leiða til þess að stjórnarmaður eignast verulegan eignarhlut eða eykur við eða minnkar slíkan hlut, eigi síðar en sólarhring eftir að slík viðskipti hafa átt sér stað. Á sama hátt og innan sama tímafrests skal stjórnarmaður upplýsa regluvörð um samskonar viðskipti aðila í nánnum tengslum við hann.

29.2. Regluvörður skal halda skrá yfir viðskipti stjórnarmanna og aðila í nánnum tengslum við hann skv. gr. 29.1. Í skránni skal a.m.k. koma fram hvaða stjórnarmaður eða aðili í nánnum tengslum við hann átti viðskipti, dagsetning viðskipta, tegund fjármálagernings og nánari tilgreining og viðskiptaverð.

29.3. Telji regluvörður að viðskipti stjórnarmanns eða aðila í nánnum tengslum við hann kunni að brjóta í bága við lög eða verklagsreglur félagsins skal hann grípa til viðeigandi ráðstafana.

30. Sérstök aðgæsluskylda

30.1. Hafi stjórnarmenn fengið upplýsingar um einstök viðskipti, í samræmi við ákvæði í starfsreglum stjórnar, skulu stjórnarmenn sýna sérstaka aðgæslu ef þeir hyggjast eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning sem tengjast þeim viðskiptum. Skulu stjórnarmenn í slíkum tilvikum ávallt gæta þess að slík viðskipti séu ekki til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum og/eða líkleg til að stofna trúverðugleika félagsins í hættu, sbr. einnig 27. gr. þessara reglna. Sama á við um viðskipti aðila í nánnum tengslum við stjórnarmenn með viðkomandi fjármálagerninga. Sé stjórnarmaður í vafa um hvort æskilegt sé að hann eigi viðskipti með fjármálagerninga skv. þessari grein skal hann ráðfæra sig við regluvörð.

30.2. Regluvörður skal halda skrá yfir fyrirspurnir/ráðfæringar stjórnarmanna samkvæmt þessari grein og ráðleggingar regluvarðar varðandi viðskiptin.

31. Milliganga félagsins og viðskiptakjör

31.1. Sinni félagið milligöngu fyrir stjórnarmenn um viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning skulu slík viðskipti eiga sér stað á sömu forsendum og kjörum og eiga við um sambærilega viðskiptavini, s.s. varðandi framkvæmd viðskipta og upphæð þóknunar.

32. Aðrir sem falla undir reglur kafla þessa

32.1. Ákvæði þessa kafla og kröfur til stjórnarmanna og aðila í nánnum tengslum við þá eiga einnig við um viðskipti eigenda virkra eignarhluta í félaginu og aðila í nánnum tengslum við þá.

VII. VIÐSKIPTI DAGLEGRA STARFSMANNA FÉLAGSINS OG ANNARRA MEÐ FJÁRMÁLAGERNINGA FYRIR EIGIN REIKNING

33. Almenn bann við viðskiptum daglegra starfsmanna félagsins

33.1. Daglegum starfsmönnum félagsins og aðilum í nánnum tengslum við þá er almennt óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga nema í samræmi við undantekningar og skilyrði þessa kafla. Með viðskiptum með fjármálagerninga fyrir eigin reikning er í kafla þessum átt við viðskipti daglegra starfsmanna persónulega og aðila í nánnum tengslum við þá.

33.2. Ákvæði kafla þessa eiga ekki við um viðskipti starfsmanna með hlutabréf í félaginu, en slík viðskipti eru heimil án samþykkis regluvarðar. Regluverði skal þó tilkynnt um slík viðskipti innan tveggja daga frá því að þau áttu sér stað og skal regluvörður skrá þau í samræmi við 39. gr. reglna þessara.

33.3. Daglegum starfsmönnum og aðilum í nánnum tengslum við þá er óheimilt að koma að viðskiptum fyrir eigin reikning á annan hátt en með beinum hætti, s.s. með aðild að fjárfestingarhópum (klúbbum) eða öðrum hliðstæðum félagsskap sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að fjárfestingum.

34. Almenn aðgæsla og vafatilvik

34.1. Við þær aðstæður að daglegum starfsmönnum félagsins og aðilum í nánnum tengslum við þá er heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning ber að sýna fyllstu aðgætni. Sérstaklega ber að ganga úr skugga um að slík viðskipti stofni ekki trúverðugleika félagsins í hættu.

34.2. Daglegum starfsmönnum ber að fara eftir efnisákvæðum 27. gr. reglna þessara um takmarkanir á viðskiptum og aðkomu að viðskiptum.

34.3. Leiki vafi á því að fyrirhuguð viðskipti samrýmist reglum þessum skulu daglegir starfsmenn leita álits regluvarðar.

35. Upplýsingar til aðila í nánnum tengslum

35.1. Daglegir starfsmenn skulu upplýsa aðila í nánnum tengslum um skuldbindingar skv. reglum þessum. Slík upplýsingagjöf skal eiga sér stað við upphaf starfs og árlega eftir það. Daglegur starfsmaður skal staðfesta við regluvörð að aðilar í nánnum tengslum hafi verið upplýstir um framangreint.

36. Undanþágur frá banni við viðskiptum fyrir eigin reikning

36.1. Daglegum starfsmönnum eða aðila í nánnum tengslum er heimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning í eftirfarandi tilvikum:

- 36.1.1. Eigin viðskipti sem framkvæmd eru í eignastýringu þar sem engin samskipti hafa farið fram í tengslum við viðskiptin milli eignasafnsstjórans og hlutaðeigandi einstaklings eða aðila í nánnum tengslum eftir því sem við á.
- 36.1.2. Eigin viðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfa-, fjárfestinga- eða fagfjárfestastjóðum, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur, eða aðilar í nánnum tengslum eftir því sem við á, taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.
- 36.1.3. Eigin viðskipti með skráð erlend verðbréf.
- 36.1.4. Maki starfsmanns eða, eftir atvikum, öðrum aðilum í nánnum tengslum, er heimilt að stunda viðskipti með fjármálagerninga sem eru liður í reglulegri atvinnustarfsemi viðkomandi, enda hafi regluverði áður verið gerð grein fyrir eðli atvinnurekstrarins.
- 36.1.5. Þegar um er að ræða almennt tilboð um yfirtöku eða samruna vegna fjármálagerninga sem eru í eigu viðkomandi.
- 36.1.6. Þegar um er að ræða nýtingu forkaupsréttar við aukningu hlutafjár í félagi þar sem viðkomandi er hluthafi, en þó einungis varðandi forkaupsrétt í hlutfalli við hlutafjäreign (þ.e. ekki aukinn forkaupsrétt að öðrum hluthöfum frágengnum).
- 36.1.7. Þegar viðkomandi hefur fengið fjármálagerning í arf, gjöf, sem greiðslu fyrir sölu fasteignar eða lausafjár, eða fjármálagerningur var í eigu viðkomandi við upphaf starfs daglegs starfsmanns hjá félaginu.
- 36.1.8. Þegar rökstudd umsókn um leyfi til að eiga viðskipti hefur verið samþykkt af framkvæmdastjóra, eða af stjórn í tilviki framkvæmdastjóra, og einnig regluverði, sbr. 37. gr. hér fyrir neðan. Við ákvörðun um samþykki skal litið til þess að viðskiptin hafi ekki yfirbragð skammtíma stöðutöku og hversu lengi fjármálagerningur hafi verið í eigu viðkomandi.

37. Tilkynningar til regluvarðar um viðskipti

37.1. Daglegir starfsmenn skulu upplýsa regluvörð félagsins um fyrirhuguð viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning (Tilkynning um fyrirhuguð viðskipti). Tilkynning getur verið send með tölvupósti.

37.2. Í tilkynningunni skal a.m.k. koma fram:

- 37.2.1. Nafn daglegs starfsmanns og aðila í nánnum tengslum, ef um viðskipti slíks aðila er að ræða.
- 37.2.2. Hvaða fjármálagerninga er ætlunin að kaupa/selja, einingar/nafnverð og viðskiptaverð.
- 37.2.3. Hvaða undanþáguástæður gefa tilefni til frávíks frá meginreglunni um almennt bann við viðskiptum daglegra starfsmanna félagsins.

37.3. Daglegum starfsmanni og aðila í nánnum tengslum við hann er óheimilt að eiga viðskipti nema að fengnu samþykki regluvarðar fyrir viðskiptunum. Farið viðskipti ekki fram á sama degi og samþykki regluvarðar er fengið þá fellur samþykkið niður, en regluvörður getur heimilað sérstaklega lengri tíma þegar um fjármálagerninga er að ræða sem ekki hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði. Þrátt fyrir samþykki regluvarðar eru viðskiptin og samræmi þeirra við lög og verklagsreglur félagsins á ábyrgð viðkomandi starfsmanns.

37.4. Daglegum starfsmanni ber að upplýsa regluvörð félagsins um það þegar viðskipti fyrir eigin reikning með fjármálagerninga hafa átt sér stað (Tilkynning

um framkvæmd viðskipti). Í tilkynningu um framkvæmd viðskipti skal vísað til fyrri tilkynningar og staðfesta að viðskiptin hafi verið framkvæmd að öllu leyti í samræmi við hana. Slík tilkynning um framkvæmd viðskipta getur átt sér stað með tölvupósti.

37.5. Starfsmaður þarf ekki að tilkynna um viðskipti sem falla undir fyrstu þrjá liði í upptalningu 36. gr. reglna þessara (eignastýring, hlutdeildarskírteini eða erlend verðbréf). Jafnframt þarf starfsmaður einungis í upphafi starfs síns, eða við breytingar á starfi maka, að tilkynna regluverði um að hann hyggist nýta undanþágu frá tilkynningarskyldu vegna atvinnustarfsemi maka, sbr. fjórða lið í upptalningu 36. greinar. Í slíkum tilvikum metur regluvörður hvort ástæða er til viðbótarráðstafna innan félagsins vegna vinnu maka daglegs starfsmanns.

38. Synjun á framkvæmd viðskipta

38.1. Regluvörður getur bannað viðskipti án rökstuðnings eða tímamarka, eða bundið samþykki sitt skilyrðum. Starfsmaður gerir sér grein fyrir því að synjun regluvarðar getur talist til verðmótandi upplýsinga sem óheimilt er að nýta á nokkurn hátt.

39. Skráning viðskipta og upplýsingar um eignarhald á fjármálagerningum

39.1. Regluvörður skal halda skrá yfir viðskipti daglegra starfsmanna og aðila í nánnum tengslum með fjármálagerninga fyrir eigin reikning. Í skránni skal a.m.k. koma fram hvaða starfsmaður eða aðili í nánnum tengslum við hann átti viðskipti, dagsetning viðskipta, tegund fjármálagernings og nánari tilgreining og viðskiptaverð.

40. Heimild til bakfærslu viðskipta

40.1. Regluverði er heimilt að gera kröfu um að viðskipti daglegs starfsmanns eða aðila í nánnum tengslum verði afturkölluð eða bakfærð telji hann að þau hafi ekki átt að eiga sér stað, s.s. ef þau eru ekki í samræmi við lög eða verklagsreglur félagsins. Starfsmönnum og aðilum í nánnum tengslum er skylt að hlíta slíkri kröfu og veita nauðsynlegan atbeina sinn að því að slík afturköllun eða bakfærsla geti átt sér stað.

40.2. Starfsmaður eða aðili í nánnum tengslum ber kostnað eða tap af slíkri afturköllun eða bakfærslu. Leiði afturköllun eða bakfærsla til hagnaðar er starfsmaður eða aðili í nánnum tengslum skuldbundinn til að láta hann renna til félagsins.

41. Milliganga félagsins um viðskipti og viðskiptakjör

41.1. Viðskipti daglegra starfsmanna og aðila í nánnum tengslum skulu fara fram fyrir milligöngu félagsins nema regluvörður heimili annað. Í samþykki regluvarðar skal tiltekið ástæður þess.

41.2. Þegar félagið sinnir milligöngu um viðskipti daglegra starfsmanna eða aðila í nánnum tengslum skulu slík viðskipti framkvæmd af öðrum aðila en þeim starfsmanni sem í hlut á. Sá starfsmaður sem framkvæmir viðskiptin skal fullvissa sig um það að samþykki regluvarðar á viðskiptunum liggi fyrir.

41.3. Viðskipti daglegra starfsmanna og aðila í nánnum tengslum skulu eiga sér stað á sömu forsendum og kjörum og eiga við um bestu viðskiptavinum félagsins, s.s. varðandi framkvæmd viðskipta og upphæð þóknunar, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjóra.

42. Brot á lögum eða verklagsreglum

- 42.1. Telji regluvörður að viðskipti samkvæmt kafla þessum kunni að brjóta í bága við lög eða verklagsreglur félagsins skal hann grípa til viðeigandi ráðstafana.

43. Aðrir sem falla undir reglur kafla þessa

- 43.1. Ákvæði þessa kafla og kröfur til daglegra starfsmanna og aðila í nánnum tengslum við þá eiga einnig við um viðskipti eftirtalinna aðila og aðila í nánnum tengslum við þá:
- 43.1.1. Starfsmenn einkaumboðsmanns félagsins, sem starfa undir stjórn fjármálafyrirtækisins og á þátt í að veita þjónustu fjármálafyrirtækisins á sviði verðbréfavíðskipta,
- 43.1.2. Einstaklingar sem eiga beinan þátt í að veita félaginu eða einkaumboðsmanni þess þjónustu á grundvelli samnings um útvistun þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta.

VIII. ÖNNUR VIÐSKIPTI Á MILLI FÉLAGSINS ANNARS VEGAR OG DAGLEGRA STARFSMANNA EÐA STJÓRNARMANNA HINS VEGAR

44. Viðskipti við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn

- 44.1. Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn félagsins til samþykktar eða synjunar nema mælt sé fyrir um annað í starfsreglum stjórnar. Það sama á við um aðila í nánnum tengslum við stjórnarmenn.
- 44.2. Samningar félagsins við framkvæmdastjóra um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti eru háð samþykki stjórnar félagsins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð í gerðarbók stjórnar og tilkynnt fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sérstaklega. Það sama á við um aðila í nánnum tengslum við framkvæmdastjóra.
- 44.3. Framkvæmdastjóri og lykilstarfsmenn skulu ekki njóta sérstakra kjara umfram það sem öðrum viðskiptavinum býðst í sambærilegum viðskiptum, sbr. gr. 41.3.
- 44.4. Fyrirgreiðsla félagsins til stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmanna skal einungis fara fram gegn traustum tryggingum. Fjárhæð fyrirgreiðslu til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmanna skal hvorki fara yfir 1% af eiginfjárgrunni né 100.000.000,- kr., þ.e. hvort sem lægra reynist.

45. Viðskipti við daglega starfsmenn aðra en framkvæmdastjóra og lykilstarfsmann

- 45.1. Ef félagið á í annars konar viðskiptum en viðskiptum með fjármálagerninga við daglega starfsmenn, eða aðila í nánnum tengslum við þá, skulu slík viðskipti eftir því sem kostur er lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptavini í sambærilegum viðskiptum, sbr. gr. 41.3.

IX. STJÓRNARSETA OG ÖNNUR STÖRF DAGLEGRA STARFSMANNA UTAN FÉLAGSINS

46. Stjórnarseta, aukastörf eða önnur þátttaka í atvinnustarfsemi

- 46.1. Daglegum starfsmönnum félagsins er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja, taka laun eða annað endurgjald fyrir verk frá öðrum aðila eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema með leyfi framkvæmdastjóra. Þegar um framkvæmdastjóra er að ræða þarf leyfi stjórnar félagsins. Eignarhlutur í fyrirtæki, óháð félagsformi, telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun félags.
- 46.2. Atvinnustarfsemi daglegra starfsmanna skal aðeins veitt ef þátttakan er talin samrýmast starfi starfsmanns hjá félaginu og skulu daglegir starfsmenn veita allar þær upplýsingar um væntanlega atvinnuþátttöku sem framkvæmdastjóri og eftir atvikum stjórn telur nauðsynlegar við mat sitt á hvort heimila eigi þátttöku í atvinnustarfsemi.
- 46.3. Við upphaf starfs skal daglegur starfsmaður upplýsa um stjórnarsetu, aukastörf eða aðra þátttöku atvinnustarfsemi og, ef hann metur það svo, óska eftir leyfi skv. 1. mgr.
- 46.4. Við veitingu leyfis skv. 1. mgr. skal m.a. tekið tillit til hvort þátttakan samrýmist starfi daglegs starfsmanns, hvort að hætta sé á því að þátttakan trufla störf hans eða kasti rýrð á trúverðugleika félagsins.

47. Seta í stjórnnum dóttur- eða hlutdeildarfélaga

- 47.1. Daglegum starfsmönnum félagsins er heimilt að starfa fyrir og sitja í stjórnnum dóttur- eða hlutdeildarfélaga félagsins samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins. Við töku slíkrar ákvörðunar skal meta líkur á hagsmunaaárekstrum.

48. Afturköllun og lok stjórnarsetu eða þátttöku í atvinnustarfsemi

- 48.1. Telji framkvæmdastjóri ástæðu til getur hann afturkallað áður veitta heimild til þátttöku í atvinnurekstri. Viðkomandi daglegum starfsmanni er skylt að bregðast við afturköllun með viðeigandi hætti í samræmi við efni hennar. Þegar um framkvæmdastjóra er að ræða tekur stjórn ákvörðun um afturköllun.

49. Skrá um stjórnarsetu

- 49.1. Framkvæmdastjóri eða stjórn, í tilviki framkvæmdastjóra, skal tilkynna regluverði um veitt samþykki eða afturköllun á heimild til stjórnarsetu eða annarri þátttöku í atvinnurekstri. Einnig skal tilkynna regluverði um lok stjórnarsetu sem gerist á annan hátt en með afturköllun.
- 49.2. Regluvörður skal halda skrá um veitt samþykki fyrir stjórnarsetu og annarri atvinnuþátttöku. Skrá skal nafn starfsmanns og nafn, kennitölu og starfsemi félags. Jafnframt skal skrá hlutverk starfsmanns hjá viðkomandi félagi, sérstök skilyrði samþykkis (ef um það er að ræða) og dagsetningu samþykkis. Einnig skal skrá upplýsingar um afturköllun eða lok stjórnarsetu eða þátttöku í annarri atvinnustarfsemi.
- 49.3. Í árlegri skýrslu regluvarðar skal gera grein fyrir þeim starfsmönnum sem njóta heimildar til stjórnarsetu eða annarrar þátttöku í atvinnustarfsemi og hvaða starfsemi er um að ræða.

X. REGLUVARSLA

50. Skipun og staða regluvarðar

- 50.1. Stjórn félagsins ber ábyrgð á því að regluvarsla félagsins sé í góðu horfi og skal reglulega meta og endurskoða skilvirkni stefnu, fyrirkomulags og verklags við regluvörslu.
- 50.2. Regluvörður skal skipaður af stjórn félagsins að jafnaði til a.m.k. 12 mánaða í senn. Jafnframt skal stjórn skipa staðgengil regluvarðar. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu um skipun og brotthvarf regluvarðar og staðgengils hans.
- 50.3. Stjórn skal gefa út erindisbréf til regluvarðar, eða eftir atvikum gera samning um útvistun þessarar þjónustu. Erindisbréfið (eða samningur um útvistun) skal endurskoðað í kjölfar árlegrar skýrslu regluvarðar og endurúttekið með nauðsynlegum breytingum, m.a. í ljósi þeirra áhættuþátta sem tilgreindir eru í skýrslu regluvarðar.
- 50.4. Staða regluvarðar samkvæmt skipuriti félagsins skal vera þannig að hann njóti sjálfstæðis í störfum gagnvart þeim sviðum innan félagsins sem lúta eftirliti hans.
- 50.5. Starf regluvarðar lýtur eftirliti innri endurskoðanda félagsins.

51. Hlutverk regluvarðar

- 51.1. Regluvörður skal gæta þess að félagið komi á og viðhaldi viðeigandi verklagi til að greina hættu á misbrestum í starfsemi sinni og lágmarka slíka hættu. Meðal verkefna regluvarðar eru:
 - 51.1.1. Hafa eftirlit með framkvæmd reglna þessara og annarra verklagsreglna félagsins, eftir því sem kveðið er á um slíkt í þeim reglum.
 - 51.1.2. Meta ráðstafanir félagsins til að lágmarka hættu á misbrestum í starfsemi.
 - 51.1.3. Kanna reglubundið hvort upplýsingar sem ætlaðar eru viðskiptavinum samrýmist ákvæðum laga.
 - 51.1.4. Halda skrá um viðskipti starfsmanna samkvæmt reglum þessum.
 - 51.1.5. Halda skrá yfir daglega starfsmenn sem starfa á milli aðskilinna starfssviða.
 - 51.1.6. Kynna nýjum starfsmönnum reglur þessar og aðrar viðeigandi verklagsreglur, auk þess að afla skriflegrar staðfestingar á því að viðkomandi einstaklingar hafi kynnt sér reglurnar.
 - 51.1.7. Sjá um fræðslu og kynningu innan félagsins á þeim hlítningarreglum (e. compliance) sem gilda um starfssemi félagsins.
 - 51.1.8. Halda skrá um stjórnarsetu og atvinnuþátttöku daglegra starfsmanna.
 - 51.1.9. Taka við kvörtunum viðskiptavina og koma í réttan farveg í samræmi við verklag félagsins þar um og fylgjast með meðferð þeirra.
 - 51.1.10. Taka við upplýsingum starfsmanna um grun á mögulegum brotum á lögum um verðbréfiðskipti eða verklagsreglum.
 - 51.1.11. Önnur verkefni sem regluverði kann sérstaklega að vera falin af stjórn félagsins.

52. Aðgangur að upplýsingum

- 52.1. Regluvörður skal hafa aðgang að öllum upplýsingum vegna starfsemi félagsins sem hann metur nauðsynlegar vegna starfs síns. Starfsmönnum félagsins og þjónustuaðilum þess ber að afhenda regluverði þær upplýsingar sem hann óskar eftir svo fljótt sem verða má. Jafnframt ber starfsmönnum félagsins og þjónustuaðilum að aðstoða regluvörð við að afla nauðsynlegra upplýsinga samkvæmt beiðni hans.

- 52.2. Regluvörður skal hafa aðgang að fundum innan félagsins ef hann telur ástæðu til vegna starfa sinna og getur farið fram á að haldnir séu fundir til að ræða tiltekin mál.
- 52.3. Framkvæmdastjóra félagsins ber að sjá til þess að regluvörður fái tímanlega upplýsingar um þá þætti í starfsemi félagsins sem honum ber að hafa eftirlit með, einkum þegar breytingar verða.
- 52.4. Telji regluvörður að aðgangur hans að upplýsingum sé hindraður skal hann, eftir atvikum, upplýsa stjórn og innri endurskoðanda um slíkt.

53. Upplýsingagjöf regluvarðar

- 53.1. Regluvörður skal árlega gefa stjórn félagsins skriflega skýrslu um störf sín og framkvæmd á reglum þessum og öðrum reglum sem honum ber að fylgjast með.
- 53.2. Í skýrslu regluvarðar skal a.m.k. fjallað um eftirfarandi atriði:
- 53.2.1. Stöðu og umgjörð regluvörslu
 - 53.2.2. Þjálfun daglegra starfsmanna
 - 53.2.3. Sjálfstæðar athuganir regluvarðar
 - 53.2.4. Viðskipti tilkynningaskyldra aðila með fjármálagerninga og tilvik þar sem fyrirhuguð viðskipti voru bönnuð.
 - 53.2.5. Frávik, kvartanir eða annað tilefni til athugasemda og/eða beitingar valdheimilda regluvarðar.
 - 53.2.6. Samskipti við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands og Kauphöll.
 - 53.2.7. Önnur atriði sem gera skal grein fyrir skv. lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.
 - 53.2.8. Athugasemdir og ábendingar um úrbætur.
 - 53.2.9. Tilgreining á áhættuþáttum í starfsemi félagsins m.t.t. regluvörslu.
- 53.3. Regluvörður skal gera grein fyrir skýrslu sinni á stjórnarfundi og skal stjórn taka afstöðu til þeirra athugasemda og áhættuþátta sem skýrslan tilgreinir. Færa skal afstöðu stjórnar til bókar og/eða tilgreina hana í erindisbréfi regluvarðar, sem endurskoðað verður í kjölfar skýrslunnar.
- 53.4. Ef ástæða er til getur regluvörður sent yfirmönnum einstakra starfseininga skýrslu með umfjöllun og athugasemdum regluvarðar vegna starfsemi einingarinnar. Einnig getur regluvörður haldið fund með viðkomandi aðilum ásamt framkvæmdastjóra og kynnt þeim viðeigandi atriði úr árlegri skýrslu sinni til stjórnar félagsins. Regluvörður skal skrá upplýsingar um slíkan fund hjá sér.

54. Valdheimildir regluvarðar og eftirfylgni

- 54.1. Regluvörður getur krafist úrbóta eða gert athugasemdir við starfshætti einstakra starfsmanna telji hann tilefni til vegna misbresta á eftirfylgni við lög eða verklagsreglur félagsins.
- 54.2. Regluvörður getur krafist þess að einstakar starfseiningar innan félagsins grípi til úrbóta telji hann misbresti í starfsemi viðkomandi einingar.
- 54.3. Regluvörður getur krafist þess að mat á tilhlýðileika viðskiptavina verði uppfært, endurnýjað eða endurgert með breyttum verklagsreglum telji hann að lögum sé ekki fylgt.

- 54.4. Regluvörður getur stöðvað birtingu tiltekinna upplýsinga til viðskiptavina ef hann telur þær rangar, villandi eða ekki í samræmi við verklagsreglur félagsins.
- 54.5. Regluvörður getur stöðvað framboð afurða sem ætlaðar eru viðskiptavinum ef hann telur þær eða framboð þeirra til viðskiptavina ekki vera í samræmi við lög eða verklagsreglur.
- 54.6. Regluvörður getur gripið inn í einstök viðskipti vegna hættu á hagsmunaárekstrum, t.d. með því að láta stöðva viðskipti.
- 54.7. Regluvörður skal fylgja eftir athugasemdum sínum þannig að tryggt sé að félagið geri nauðsynlegar úrbætur. Honum er heimilt að fara fram á að til þess bær aðili upplýsi sig um úrbætur þegar þær hafi verið framkvæmdar.
- 54.8. Regluvörður skal skrá aðgerðir skv. þessu ákvæði.
55. Viðbrögð vegna mögulegra brota á lögum, reglum þessum eða öðrum verklagsreglum félagsins.
- 55.1. Regluvörður skal, hvenær sem hann telur ástæðu til, upplýsa framkvæmdastjóra eða stjórn um þau atriði sem hann telur nauðsynlegt að þessir aðilar hafi vitneskju um varðandi starfsemi félagsins.
- 55.2. Hafi regluvörður grun um alvarleg brot gegn lögum eða verklagsreglum félagsins skal hann tilkynna framkvæmdastjóra um það. Varði málið framkvæmdastjóra skal hann tilkynna formanni stjórnar um grun sinn. Regluvörður skal skrá upplýsingar um slíkar tilkynningar.
- 55.3. Framkvæmdastjóri eða stjórn, eftir atvikum, skulu taka ákvörðun um afgreiðslu á ábendingum regluvarðar skv. 1. og 2. mgr. Ef ekki er brugðist við kröfum regluvarðar um úrbætur í kjölfar alvarlegs brots skal hann gera fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands viðvart um slíkt.

XI. UPPLÝSINGAGJÖF OG VIÐURLÖG

56. Kynning á efni reglnanna

- 56.1. Regluvörður skal sjá til þess að starfsmenn félagsins séu upplýstir um skyldur samkvæmt reglum þessum og afhent eintak af þeim. Regluvörður skal afla staðfestingar á framangreindu annað hvort skriflega eða með tölvupósti

57. Upplýsingagjöf starfsmanna

- 57.1. Starfsmönnum er skylt að veita framkvæmdastjóra eða regluverði nauðsynlegar upplýsingar er snúa að eftirfylgni við reglur þessar. Í tilviki framkvæmdastjóra skal hann gefa stjórn eða regluverði slíkar upplýsingar.
- 57.2. Daglegur starfsmaður skal við upphaf starfs (og ef þess er krafist síðar) upplýsa regluvörð um eignarhald sitt og aðila í nánnum tengslum við hann á fjármálagerningum, eftir atvikum á formi sem regluvörður leggur til.

58. Tilkynningaskylda starfsmanna

58.1. Brot á lögum eða reglum þessum, hvort sem í hlut eiga viðskiptavinir eða starfsmenn félagsins, skal tilkynna regluverði og framkvæmdastjóra félagsins eða formanni stjórnar félagsins ef málið snýr að framkvæmdastjóra.

59. Sérstök tilkynningaskylda til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

59.1. Félaginu ber ávallt að tilkynna fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um grun um markaðsmisnotkun eða innherjasvik. Vakni grunur hjá starfsmönnum um slík brot skulu þeir tilkynna regluverði og framkvæmdastjóra um slíkt, en þessir aðilar bera ábyrgð á því að tilkynna slíkt til yfirvalda hafi grun ekki verið eytt. Skrá skal upplýsingar um slíkar tilkynningar og afdrif þeirra. Starfsmenn skulu meðvitaðir um mikilvægi trúnaðar um slíkan grun og skal regluvörður áminna þá um slíkt.

60. Viðurlög við brotum á lögum eða reglum

60.1. Brot á lögum eða reglum þessum geta varðað áminningu eða brottvikningu úr starfi, auk þess sem refsiverð háttsemi kann að verða tilkynnt til yfirvalda. Ef um gróf eða ítrekuð brot á lögum eða reglum þessum er að ræða skal regluvörður tilkynna fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um slíkt.

60.2. Félaginu er heimilt að láta viðskipti sem brjóta gegn reglum þessum ganga til baka. Ef viðskipti ganga ekki til baka er starfsmaður skuldbundinn til þess að skila hagnaði af þeim viðskiptum sem stangast á við reglur þessar og rennur sá hagnaður til félagsins.

XII. GILDISTAKA OG BIRTING

61. Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar og skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Samþykkt af stjórn ACRO verðbréfa hf. þann 10. ágúst 2021

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Acro þann 6. júlí 2023

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Acro þann 26. september 2024

Endurskoðað og samþykkt af stjórn ACRO þann 12. desember 2024